

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 230/2021

frá 24. september 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/403 frá 24. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af tilteknum flokkum landdýra og kímefnum þeirra, opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og niðurfellingu á ákvörðun 2010/470/ESB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/617 frá 14. apríl 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/2235 og (ESB) 2020/2236 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu tiltekinn lagardýra og dýraafurða inn í Sambandið ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/619 frá 15. apríl 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/2235, (ESB) 2020/2236 og (ESB) 2021/403 að því er varðar umbreytingarákvæði vegna notkunar á dýraheilbrigðisvottorðum, dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum og opinberum vottorðum ⁽³⁾.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/403 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/470/ESB ⁽⁴⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi varðar m.a. löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 113, 31.3.2021, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 72.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 15.

I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Þessi ákvörðun gildir því gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.

- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði sammings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 13l (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235) og 13m (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236):

„, breytt með:

- **32021 R 0617:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/617 frá 14. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 41),
- **32021 R 0619:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/619 frá 15. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 72).“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 13o (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/260) í hluta 1.1:

„13p. **32021 R 0403:** Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/403 frá 24. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af tilteknum flokkum landdýra og kímefnum þeirra, opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og niðurfellingu á ákvörðun 2010/470/ESB (Stjtið. ESB L 113, 31.3.2021, bls. 1), breytt með:

- **32021 R 0619:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/619 frá 15. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 72).

„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er EES-samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

Orðinu „Noregur“ er bætt við á eftir orðinu „Finnland“ í mgr. II.2.3. í 15. kafla, 7. tl. II. hluta Athugasemda í 15. kafla, mgr. II.2.3. í 16. kafla, 9. tl. II. hluta Athugasemda í 16. kafla, mgr. II.2.3. í 17. kafla, 13. tl. II. hluta Athugasemda í 17. kafla, mgr. II.2.1.3. í 18. kafla, 13. tl. II. hluta Athugasemda í 18. kafla, mgr. II.2.2. í 19. kafla, 9. tl. II. hluta Athugasemda í 19. kafla I. viðauka og mgr. II.1.3. í 23. kafla, 5. tl. II. hluta Athugasemda í 23. kafla, mgr. II.1.3. í 25. kafla, 5. tl. II. hluta Athugasemda í 25. kafla, mgr. II.2.3. í 27. kafla, 16. tl. II. hluta Athugasemda í 27. kafla, mgr. II.2.4. í 30. kafla, 14. tl. II. hluta Athugasemda í 30. kafla, mgr. II.1.3.3. í 32. kafla, 19. tl. II. hluta Athugasemda í 32. kafla, mgr. II.1.3. í 33. kafla og 14. tl. II. hluta Athugasemda í 33. kafla II. viðauka.

Ákvæði þessarar gerðar gilda ekki gagnvart Íslandi.“

3. Texti 93. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/470/ESB) í hluta 4.2 fellur brott.

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/403 á norsku og texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/617 og (ESB) 2021/619 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á þessum tungumálum.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.